

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Óseyrar, sunnan Krossanesbrautar.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti þann 24. febrúar 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir Óseyri 2 og 2a.

Breytingin felur í sér breytt lóðarmörk á milli lóðanna 2 og 2a, niðurfellingu byggingarreits á lóð 2a og nýjan byggingarreit á lóð 2, nýtingarhlutfall hækkar á lóð 2, kvöð um bílastæði fellur út á lóð 2a og kvöð er sett á um girðingu á lóðarmörkum meðfram Glerá fyrir báðar lóðirnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 20. maí 2021,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2021